

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Helgi Lárusson, greiði stefnandanum, Höllu Guðjónsdóttur, kr. 1632.00 með 5% ársvöxtum frá 5. apríl 1937 til greiðsludags og kr. 150.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1938.

Nr. 56/1938. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn

Einari Eiríkssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot á áfengislögum. Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Við flutning máls þessa hér fyrir dómi hefir sækjandinn skýrt frá því, að hann hafi komizt að raun um það, að kærði hafi ekkert veitingaleyfi haft, og að ákvæði héraðsdómsins um sviptingu veitingaleyfis séu á misskilningi byggð. Veitingasalan á „Reykjavíkur Bar“ muni fara fram samkvæmt veitingaleyfi annars nafngreinds manns. Það er auðsætt, að það skiptir miklu um lyktir máls þessa, hvort kærði hefir haft veitingaleyfi, þegar málið kom upp, eða hver staða kærða hefir verið á nefndu veitingahúsi, t. d. hvort hann hefir haft þar um hönd veitingar í skjóli eða í samlögum við annan mann, sem veitingaleyfi hefir, og hvernig þeim félagsskap þá hefir verið háttað. Í rannsókn málsins hefir héraðsdómarinn látið undan fallast að afla vitneskju um greind efni, og er honum þó fræðsla um veitingaleyfi nærtæk, þar sem gera

verður ráð fyrir, að haldin sé við embætti hans skrá um þau, svo sem boðið er í 8. gr. laga nr. 21 frá 1926, um veitingasölu, gistihúshald o. fl. Með því að málið þannig er órannsakað í mikilvægum atriðum, verður dómur ekki lagður á það í hæstarétti að svo stöddu, og ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar um þau atriði, er að framan getur, og um öll þau atriði önnur í þessu sambandi, er ný rannsókn kann að gefa tilefni til.

Eftir þessum málalokum verður allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, að greiðast úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og vísast málinu heim í hérað til framhaldsrannsóknar og dómsálagningar að nýju.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Stefáns Jóhanns Stefánssonar og Lárusar Jóhannessonar, 50 krónur til hvors.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 18. júní 1937.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Einari Eiríkssyni, veitingamanni Reykjavíkur Bar, til heimilis á Marargötu 2 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur nr. 2 1930.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Með eiðfestum framburði þriggja vitna er það sann-
að, að kvöldin 2., 3., 6. og 7. maí siðastliðinn voru all-
margir gestir, allt upp undir 30, inni á veitingahúsinu
Reykjavíkur Bar, þar sem kærður er veitingamaður. Voru
gestirnir flestir áberandi ölvaðir og höfðu í frammi mik-
inn hávaða og drykkjulæti, og hefir eitt vitnið borið, að
menn þessir hafi lent í ryskingum og slagsmálum þarna
inni kvöldin 6. og 7. maí, en veitingamaðurinn (ákærður)
hefir ekkert skipt sér af því og látið sem hann sæi það
ekki og veitti hann þessum mönnum öl. Kvöldin 2. og 3.
maí skiptu gestir þeir, sem ólæti höfðu í frammi, sér
ekkert af því, þó kærður væri að reyna að stilla til frið-
ar. Þessi kvöld gengu sumir gestanna milli manna og
báðu þá að gefa sér öl og peninga. Þá hafa öll vitnin
eindregið borið, að margir gestanna hafi neytt áfengis
inni í veitingastofunni, bæði þannig, að þeir drukku af
stút og að þeir helltu áfengi úr flöskum, sem þeir tóku
upp úr vösum sínum, í öglös á veitingaborðinu og drukku
síðan áfengið blandað öli. Fóru menn ekkert dult með
þetta og aðhöfðust það rétt fyrir augum kærðs, svo telja
verður sannað, að hann hafi vitað um það, en ekkert
skipti hann sér af því á einn eða annan hátt.

Þá hefir og sannast, að kærður seldi á nefndri veit-
ingastofu öl, sem hafði inni að halda 2,35% áfengismagn,
og í tunnum í kjallarnum var öl, og var áfengismagn
þess í tveim tunnum 2,30%, en í þremur var það með
löglegum áfengisstyrkleika. Öl það, sem hefir yfir 2,25%
áfengisstyrkleika, er áfengi í skilningi 1. greinar áfengis-
laga nr. 33 1935, og sala slíks öls því áfengissala.

Kærður hefir að visu haldið því fram, að sér hafi
verið ókunnugt um, að áfengismagn ölsins væri yfir hið
lögleyfða hámark, en sú staðhæfing hans verður ekki
tekin til greina.

Samkvæmt framanrituðu er því sönnun fengin fyrir því
í máli þessu, að kærður hefir gerzt brotlegur gegn 15.
og 17. sbr. 34. og 37. gr. áfengislaga nr. 33 9. janúar 1935
og 78. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr.
2 1930.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt
til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í

stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 34. gr. áfengislaganna að svipta kærðan veitingaleyfi, og þykir sviptingartíminn hæfilega ákveðinn 3 mánuðir. Kærðum ber að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars B. Guðmundssonar, kr. 50.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærður, Einar Eiríksson, greiði 300 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann skal og sviptur veitingaleyfi í 3 mánuði.

Hann greiði og allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrm. Einars Guðmundssonar, kr. 50.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 27. maí 1938.

Nr. 109/1936. Svafar Guðmundsson f. h. útibús Útvegsbanka Íslands h/f á Akureyri

(Theódór B. Lindal)

gegn

Jóni Vilmundarsyni og Einari Malmqvist Einarssyni

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Deila um sjóveð. Meðalganga.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem ekki var aðili í máli þessu í hér-
aði, hefir sem meðalgöngumaður skotið því til hæsta-
réttar með stefnu 27. júlí 1936, og hefir hann krafizt